

Hafnarfirði, 2. nóvember 2023

Umsögn vegna breytingu á aðalskipulagi vegna Straumsvíkur.

Breytingin felst í að bæta hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn og bæta tengingar milli Straumsvíkurhafnar og iðnaðarsvæða sunnar Reykjanesbrautar. Athugasemdarfrestur var til 25. október 2023.

1 athugasemd barst.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
Mosfellsbær • Seltjarnarnes

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður
B/t Umhverfis- og skipulagssvið

Kópavogur, 30. október 2023
Tilvísun: K-18848

Efni: Reykjanesbraut, stækkun Straumsvíkurhafnar, nýr aðkomuvegur og Rauðamelsnáma afmörkuð. Breytt umferðaskipulag.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar 2023 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að málsmeðferð yrði í samræmi við 30. gr. laga 123/2010. Forsendur breytinga er að unnið er að því að bæta hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn, bæta tengingar milli Straumsvíkurhafnar og iðnaðarsvæða sunnan Reykjanesbrautar og almennt bæta umferðaskipulag við Kapelluhraun.

Heilbrigðisnefnd veitti jákvæða umsögn um kynningu á skipulagstillögunni en vakti athygli á að verulega væri þengt að hreinsistöðinni í Hraunavík. Megin krafa á skólpi er að fráveituvatn skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun. Ef hreinsistöðin í Hraunavík á að sinna því hlutverki að taka við auknu frárennsli og að í framtíðinni verði jafnvel gerð krafa um 4ja þrepa hreinsun, þá hefur komið fram í áætlunum Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið að gróft mat á stækkun stöðvarinnar í Hraunavík þurfi a.m.k. 15 hektara lands eða fyllingar við hreinsistöðina. Heilbrigðisnefnd hvetur því skipulagsyfirlönd í Hafnarfirði að skoða með hvaða hætti sveitarfélagið ætlar að haga sínum fráveitumálum til framtíðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Hvað varðar hlutverk hreinsistöðvar í Hraunavík kemur fram hjá Guðmundi Elíassyni, umhverfis- og veitustjóra að Vatnsveita Hafnarfjarðar að hann sé meðvitaður um stækka þurfi hreinsistöðina en þessi breyting á aðalskipulagi hefur ekki áhrif á þær fyrirætlanir.

Þar sem komið hefur í ljós að umrædd breyting á aðalskipulagi er matskyld vegna efnistöku og landfyllingar er bætt inn í greinagerð:

Þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal, mun

Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2